

Námskeið „Gullin í grenndinni“ Haldið í Vinaskógi 2 maí 2013

Þann 2 maí 2013 var haldi í Vinaskógi námskeið þar sem þátttakendur og verðandi þátttakendur í þróunarverkefninu Gullin í grenndinni kynntu sér þá námsmöguleika sem skógurinn hefur upp á að bjóða.

Hópnum var skipt upp í þrjár ólíkar stöðvar. Á fyrstu stöðinni kenndi Ólafur Oddsson uppeldisráðgjafi og starfsmaður skógræktar ríkisins þátttakendum að kljúfa ásamt því að kynna efni og búnað. Björgvin Eggertsson formaður skógræktarfélags Selfoss fjallaði um skógarhirðu og Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur fræddi þátttakendur um fugla á Selfossi. Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir starfsmaður við leikskólann Álþeima var með samþættingu verkefna í útinámi. Þátttakendur bjuggu til listaverk úr náttúrulegum efnivið og sömdu sögu eða ljóð um verkið.

Gerð var könnun meðal þátttakenda hvernig námskeiðið nýttist þeim og voru allir þátttakendur sammála um að allir þættir námskeiðsins hefðu nýst þeim vel og hægt sé að nýta reynsluna í verkefnavinnu með nemendum.

Hér fyrir neðan eru nokkrar myndir frá námskeiðinu.



Ólafur Oddsson setur námskeiðið



Jóhann Óli fræðir þátttakendur um fugla



Björgvin miðlar til þátttakenda



Hér er verið að læra að kljúfa



Búið að búa til listaverk úr náttúrulegum efnivið og fyrir neðan er ljóðið sem rímar við verkið

Hjónasæng

Jón og Gunna saman að kúra
eftir að þau voru búin að skúra
hvort að öðru láta vel
notalegt ég þetta tel.
Höf: Guðný, Inga og Kristín